

BÓKUN 26
{1} UM VALDSVIÐ OG STÖRF EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI
RÍKISAÐSTOÐAR

1. gr.

Með samningi milli EFTA-ríkjanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sams konar valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sem geri eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru fram í e-lið 2. mgr. 1. gr., 49. og 61. – 63. gr. samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa slíkt vald við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu eins og um getur í bókun 14.

2. gr.

{2} Auk þeirra gerða sem um getur í XV. viðauka endurspeglar eftirfarandi gerðir valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu:

1. {3} **399R0659** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- {4} **1 03 T:** Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003 (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),

- {5} **32006R1791** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 frá 20. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1),

- {6} **32013R0517** - Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 517/2013 frá 13. maí 2013 (Stjtið. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 1).

2. {7} **32004R0794** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 25, 28.1.2005, bls. 74 og Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 45, eins og henni var breytt með:

{1} Texta bókunar 26 var skipt út í heild með ákvörðun nr. 164/2001 (Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 46 og EES-viðbætur nr. 13, 7.3.2002, bls. 26), gildistaka 1.2.2003.

{2} Orðunum „eftirfarandi gerð“ var skipt út fyrir „eftirtaldir gerðir“ með ákvörðun nr. 123/2005 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 66, 22.12.2005, bls. 18), gildistaka 1.10.2005.

{3} Fékk númerið 1 með ákvörðun nr. 123/2005 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 66, 22.12.2005, bls. 18), gildistaka 1.10.2005.

{4} Undirliðnum og orðunum „, eins og henni var breytt með:“ var bætt við með EES-stækkunarsamningnum frá 2004 (Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1), gildistaka 1.5.2004.

{5} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 132/2007 (Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 1), gildistaka 9.11.2011.

{6} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 159/2014 (Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 87 og EES-viðbætur nr. 5, 22.1.2015, bls. 10), gildistöku er beðið. Hún kemur til framkvæmda frá 9.7.2014.

{7} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 123/2005 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 66, 22.12.2005, bls. 18), gildistaka 1.10.2005.

- {⁸} **32008R0271** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2008, bls. 1),
- {⁹} **32014R0372** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 372/2014 frá 9. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 109, 12.4.2014, bls. 14).

{⁸} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með“ var bætt við með ákvörðun nr. 119/2009 (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 23 og EES-viðbætur nr. 68, 17.12.2009, bls. 23), gildistaka 23.10.2009.

{⁹} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 201/2014 (Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 43, 30.7.2022, bls. 55), gildistöku er beðið.